

269. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs á skrifstofu byggðasamlagsins, mánudaginn 25. janúar 2010 kl. 07.30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Guðfinna Guðmundsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Ómar Stefánsson, Guðmundur G. Gunnarsson, Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni G.P. Hjarðar yfirverkfræðingur, Sigríður B. Einarisdóttir skrifstofustjóri. Páll Hilmarsson og varamaður hans Stefán Konráðsson boðuðu báðir forföll.
Gestur fundarins undir liðnum „Málefni Metans hf“ er Inga Jóna Þórðardóttir formaður stjórnar Metans hf.

Tekið fyrir:

- 1. Lyktarverkefni Álfsnesi – Niðurstaða könnunar Capacent meðal íbúa.**
Lögð fram og kynnt „Viðhorfskönnun meðal íbúa Leirvogstungu og nágrennis“ sem framkvæmd var í desember 2009 af Capacent. Lagt fram minnisblað yfirverkfræðings varðandi niðurstöður viðhorfskönnunar og eftirfylgni.
- 2. Viðræður við stjórn Sorpeyðingar Suðurnesja sf.**
Formaður upplýsir um stöðu viðræðna.
- 3. Málefni Metans hf.**
Formaður stjórnar Metans hf., Inga Jóna Þórðardóttir kynnti stöðu Metan í dag og framtíðaráform.
- 4. Opnun endurvinnslustöðvar í Hafnarfirði.**
Lagt er til að endurvinnslustöðin á Breiðhelli verði opnuð þann 27. febrúar 2010. Í tilraunaskyni verði afgreiðslutími virka daga frá 08.00-19.30 og um helgar 10.00-18.30. Afgreiðslutíminn endurskoðist að ári. Stjórn samþykkir tillöguna. Fulltrúi Hafnarfjarðar situr hjá.
- 5. Önnur mál.**
 - Lagt fram bréf frá Samkeppniseftirliti dagsett 18. desember 2009. Efni: Vísað er til erindis Íslenska Gámafélagsins ehf., sem dagsett er þann 21. október 2009. „Eins og málið stendur telur Samkeppniseftirlitið ekki vera forsendur til að taka bráðabirgðaákvörðun. Mun því ekki verða gripið til bráðabirgðaráðstafana í samræmi við 3 mgr. 16.gr. samkeppnislaga. Verður málið því tekið til efnislegrar meðferðar“
 - Lagt fram bréf frá Íslenska Gámafélaginu dagsett 30. desember 2009. Efni: Umsókn um móttöku á sorpi til urðunar, sem fellur til á Suðurlandi. Kynnt svarbréf framkvæmdastjóra dagsett 07. janúar 2010.

- c) Lagt fram bréf frá Íslenska Gámafélaginu dagsett 13. janúar 2010. Efni:
Beðið um gögn. Kynnt svarbréf framkvæmdastjóra dagsett 21.01.2010.

Næsti fundur stjórnar mánudaginn 1. mars kl. 07.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Herdís Sigurjónsdóttir
Guðmundur G. Gunnarsson
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Bjarni Hjarðar

Þór Sigurgeirsson
Guðfinna Guðmundsdóttir
Ómar Stefánsson
Björn H. Halldórsson